Nd. **197. Nefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir hagað starfi sínu alveg með sama hætti og uudanfarið. Haft daglega fundi venjulegau fundatíma, og lengur, ef þess hefir verið kostur. Átt viðtöl við menn og aflað sjer upplýsinga eftir föngum. Áliti sínu skilar nefndin

nú nokkrnm dögnm síðar en í fyrra, enda hafa störfin orðið meiri en nndanfarið, því að fjárbeiðnir hafa verið fleiri en áðnr, sem og var að vænta, þar eð rýmkast hefir um fjárhag ríkissjóðs. Nefndinni hafa t. d. borist c. 225 erindi frá stofnunum og einstöknm mönnnm, sem öll hafa þnrft meiri og minni athugnnar við. Meðal þeirra vorn 33 styrkbeiðnir til utanfara margvíslegra erinda. En ekki hefir nefndin tafist af ósamkomnlagi innan nefndar.

Nefndin lítnr svo á einróma, að þótt rýmkast hafi svo mjög nm fjárhag ríkissjóðs sem alkunnngt er orðið, að greiddar eru allar lansasknldir ríkisins og álitleg fúlga i sjóði nm siðnstn áramót, þá beri þó að leggja hina mestn áherslu á að fara varlega um að anka gjaldahlið fjárlaganna. Sá mikli tekjnanki, sem ríkissjóði hefir hlotnast, gefnr ekki rjetta mynd af ástandinu á þjóðarbúinu i heild sinni. Hinir mikln skattar, sem lagðir vorn á þjóðina til að gera kleift að grynna á sknldnnnm, og einkanlega hin mjög öra hækknn á skráðu verðgildi íslenskra peninga, samfara lækkun á afurðaverði á erlendnm markaði, hefir lamað atvinnnvegina svo mjög, að mikil hætta er á, að miklir erfiðleikar standi fyrir dyrum, sem koma muni einnig niðnr á rikissjóði. Nefndin hefir því viljað halda sömu sparnaðarstefnn sem á undanförnnm árum, en einknm borið fram fjáraukatillögur, sem beint og óbeint mættn verða stuðningnr fyrir atvinnuvegina. Sjest það meðal annars af því, að drjúgur meiri hlnti hækknnartillagna nefndarinnar er á 13. og 16. gr. fjárlagafrv.

Nefndinni er það ljóst, að meðan Alþingi hefir ekki lagt úrsknrð sinn á nm, hver stefna verður tekin í gengismálinu, er mjög erfitt að ganga frá fjárlagafrnmvarpinu, svo að sæmilega ábyggileg áætlnn megi kallast. Þær ákvarðanir geta haft hin mestn áhrif bæði á tekjn- og gjaldahlið fjárlaganna. Haldi gengi krónnnnar áfram að hækka, er fyrirsjáanlegt t. d., að á árinn 1927 muni dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins lækka að miklum mun, og hún hlýtur og að lækka töluvert, haldist það verðgildi krónunnar, sem er. Samkvæmt nupplýsingum fjármálaráðnneytisins var dýrtíðaruppbótin árið sem leið c. 1220000 kr. Uppbótarprósentan var þá 78%. Með nppbótarprósentn þeirri, sem gert er ráð fyrir í frnmvarpinu, 60%, verður dýrtíðarnppbótin c. 935000 kr. Ef uppbótarprósentan er 50% eða 40%, verður dýrtíðaruppbótin c. 780000 kr. og c. 625000 kr. — Á mörgum öðrnm gjaldliðnm myndi einnig sparast. En hinsvegar hefði gengishækknn í för með sjer rýrnnn á mörgnm tekjuliðunum, svo að tölnverðu mnn nema. Nefndin vill vekja athygli á þessu, þótt hún hinsvegar að sjálfsögðu, á þessu stigi málsins, geri engar sjerstakar tillögnr þar að lútandi.

Fyrir reikning rikissjóðs er nú rekin steinolínverslun í frjálsri samkepni, sem ekki kemnr fram i fjárlögnm að öðrn leyti en því, að vextir af fje ríkissjóðs í þeirri verslun eru hluti af 6. lið 4. greinar, og vörutollnr nú greiddur af steinolín, sem ekki var áður. Nefndin hefir fengið þær upplýsingar, að meira en ein miljón króna af fje ríkissjóðs stendur inni í steinolíuversluninni. Telnr nefndin sjer skylt að vekja athygli á, að verslnn þessi er nú áhættnmeiri en áðnr fyrir ríkissjóð. Gengissveiflnr gætn t. d. bakað ríkissjóði mikið tjón af verslnninni. Vill meiri hlnti nefndarinnar því benda á, að verslnn þessi hvílir ekki á þeim lagagrundvelli, sem vera ætti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 44806,20 kr. tekjuafgangi. Samkvæmt tillögum nefndarinnar, og er tekið tillit til dýrtíðaruppbóta, verður útkoman þessi:

Tekjuafgangur frumvarpsins...	kr.	44806,20
Tekjuhækkunartillögur	—	310000,00
Gjaldalækkunartillögur	—	65590,00
Samtals	kr.	420396,20
Þar frá dragast:		
Gjaldahækkunartillögur	kr.	283600,00
Tekjuafgangur samkvæmt till. nefndarinnar	kr.	136796,20

Tekjubálkurinn.

Það hefir að þessu sinni eins og áður verið meginstefna nefndarinnar, að tekjuáætlunin yrði mjög varleg, enda hefir frá stjórnarinnar hálfu þessa verið ríkulega gætt. Auðvitað telur nefndin, að jafnframt því, sem áætlunin sje varleg, þá eigi hún að vera sem sönnust og ekki fest auga á því einu að hafa hana sem lægsta. Á undanförnum þingum hefir áætlunin orðið fyrir allmiklum breytingum í meðferð þingsins, sjerstaklega á síðasta þingi, og verður nefndin að telja það mjög óheppilegt. Hún leggur því áherslu á, að stjórnin vandi svo til tekjuáætlunarinnar sem kostur er, þar sem hún ein hefir þar á best tök, sakir kunnugleika.

Að þessu sinni leggur nefndin til, að þessir liðir áætlunarinnar verði hækkaðir:

Útflutningsgjald um	50	þús.
Áfengistollur og öl um ...	50	—
Tóbakstollur um...	50	—
Annað aðflutningsgjald um	35	—
Víneinkasala um...	125	—
Samtals	310	þús.

Útflutningsgjaldið hefir á árinu sem leið, 1925, orðið kr. 1189 þús., en verður nú með hækkun nefndarinnar 1 milj. kr. Þó þess sje gætt, að útflutningsgjaldshækkunin frá 1925 hvildi ekki nema á hálfu árinu 1925, en hvílir á öllu árinu 1927, þá verður vel að muna það, að verðlækkun á afurðum er orðin geysimikil, sem hefir sjerstaklega áhrif á gjald þetta, þar sem það er hundraðsgjald, og mætti frá því sjeð telja áætlunina fullháa. En þá ber jafnframt að líta á hitt, að líkur eru fyrir því, að útflutningur fremur vaxi, þar sem útgerðin eykst.

Áfengistollurinn hefir stöðugt farið hækkandi, og það svo ört, að síðan 1922 hefir hann hækkað um næstum $^1/_2$ milj. kr. og varð á árinu 1925 808 þús. kr. Áætlunin virðist því með hækkun nefndarinnar ekki vera óvarleg, þó gera megi ráð fyrir, að nokkuð dragi úr vinnautn með vaxandi bindindisstarfsemi.

Tóbakstollinn hefir nefndin hækkað upp í 775 þús. kr. Hefir hann og arður af tóbakseinkasölu orðið á árunum 1922—1924 frá 439—876 þús. kr., en á árinu 1925 fór hann upp í 1080 þús.

Þar sem sú breyting er nú orðin á þessu, að einkasalan er lögð niður og hinsvegar engin reynsla fengin fyrir því, hve tollurinn hækkar mikið, þar sem það byggist meðal annars á auknum innflutningi, þá telur þó nefndin, að eftir líkum að dæma sje þetta varleg áætlun.

Annað aðflutningsgjald hefir á árinu 1925 hækkað geysilega, sem leiddi af því, að aðflutningsbann á þeirri vöru var upphafið og komst þá upp í 228 þús. kr. úr 86 þús. árið áður. Það eru því ekki líkur til annars en að þetta haldist nokkuð meðan fólkið hefir peninga til að kaupa fyrir. Þó verður ekki gert ráð fyrir, að það verði líkt þvi eins hátt eins og meðan breytingin var að komast á.

Vineinkasala er á árinu 1925 talin að hafa gefið 500 þús. kr. Þetta mun vera nokkru lægra en rjett er, sem stafar af þvi, að reikningar voru ekki allir inn komnir þegar fjármálaráðherra gaf skýrslu um þetta. En eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, telur hún hættulaust að hækka áætlunina þetta, jafnvel þótt enn sje tillit tekið til vaxandi bindindisstarfsemi, eins og við áfengistollinn.

Gjaldabálkurinn.

10. gr.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að niður sjeu feldir úr 10. gr. III (utanrikismál) stafliðirnir a—c, sem eru

Laun sendiherra	kr. 20000
Húsaleiga	— 5000
Kostnaður við embættið	— 20000
eða samtals	kr. 45000

Verður ekki gerð nánari grein fyrir tillögu þessari hjer, en biður framsögu.

12. gr.

Nefndin hefir lækkað styrkinn til læknisvitjana um kr. 250, sem stafar af því, að nú hafa nokkrar sveitir gengið frá, sem áður höfðu styrk þennan, og bygt sjer sjúkraskýli og læknisbústað. Vill nefndin aftur taka upp sundurliðun á styrknum í fjárlögin, svo engin mistök geti átt sjer stað um það, hverjir verði styrksins aðnjótandi.

Forstöðumaður geislalækningastotu ríkisins hefir sótt um 3000 kr. hækkun á tillagi ríkissjóðs til stofunnar. Ætlar hann upphæð þessa til nýrra áhaldakaupa, er nefndin verður að telja mjög mikilsverð. Hefir læknirinn gefið þessa skýrslu um þau:

»Þessi áhöld er áformað að kaupa handa Röntgenstofunni, ef fje fæst:

1. Potter-Bucky borð og stativ (frá Chicago)	d. kr.	1500
2. Metallix-Röntgenlampa (frá Hollandi)	d. —	660
3. Jupiter-lampa (frá Berlín)	d. —	760
	Samt. kr.	2920

Nr. 1 er notað til þess að fá sem glegstar röntgenmyndir af þykkum líkamshlutum, einkanlega ef um þrekið eða feitt fólk er að ræða.

Nr. 2 er ný gerð röntgenlampa, sem gefur góðar myndir, en hefir auk þess þann mikla kost að verja geislalækninn miklu betur fyrir skaðvænum áhrifum röntgengeisla en áður hefir hægt verið.

Nr. 3 er nýleg gerð lampa, sem notaðir eru til ljósbaða. Þykja þeir hentugri (og sennilega ódýrari i rekstri) en eldri lampagerðir, vegna þess að þeir loga með víxilstraum«.

Þykir nefndinni ekki nauðsyn að fjölyrða frekar um nytsemi þessara áhalda.

Fyrir nefndinni lágu ýmsar beiðnir um styrk og viðbótarstyrk til sjúkraskýla og læknisbústaðabygginga. Af beiðnum um styrk til nýrra sjúkrahúsa var einungis undirbúningur þess máls svo fullkominn af Siglufirði, að til greina yrði tekin eftir þeim skilyrðum, sem áskilin hafa verið til þess að þingið veitti fje til fyrirtækisins. Þannig er þegar safnað til byggingarinnar í kaupstaðnum 44 þús. kr. Húsið er áætlað að kosti 70 þús. kr., og verður því venjulegur styrkur rikissjóðs, 1/3 hluti, um 23 þús. Nefndin hefir því lagt til að hækka liðinn til byggingar sjúkraskýla og læknisbústaða í þessa upphæð. Meðmæli bárust um styrkveitingu þessa: frá landlækni, fiskifjelagi Íslands, fjelagi islenskra botnvörpunga, sjávarútvegsnefnd Nd. Alþingis og hjeraðslækninum á Siglufirði.

Aðrar styrkbeiðnir um viðbótarstyrk frá ýmsum sjúkraskýlum hefir nefndin, eftir tillögum landlæknis, ekki tekið til greina að þessu sinni, þar sem byggingarnar voru ekki svo fullgerðar, að endanleg reikningsskil lægju fyrir.

Á síðasta þingi var veitt til heilsuhælis á Norðurlandi 75 þús. kr. Var þá farið fram á 150 þús. kr. úr ríkissjóði sem hálfan byggingarkostnað, og var upphæðinni skift á 2 ár.

Nú hefir þinginu borist beiðni frá stjórn heilsuhælisfjelagsins um það, að tillag ríkissjóðs verði hækkað um 100 þús. kr., eða upp í 250 þús. Áætlun sú, sem bygt var á í fyrra, hefir, eins og sjest á þessu, frekar verið ónákvæm, en jafnframt hefir lika siðan verið gert ráð fyrir ýmsum breytingum og fullkomnari gerð. Þannig er nú ráðið, að rafvirkjun verði gerð til hita og ljósa, jafnframt því, að heitt vatn er leitt um húsið. Telur húsameistari ríkisins nú, að áætlun þessi sje örugg og muni kostnaður síst verða meiri.

Nefndin álitur, að þar sem þegar hefir verið veitt fje til þessa fyrirtækis úr ríkissjóði, og hinn mikli áhugi Norðlendinga á þessu góða máli sje sjerstaklega virðingarverður, þá verði ekki annars kostur en að ríkissjóður leggi nú fram sem næst á móti því, sem þegar er safnað.

Nú er talið, að safnað sje af heilsuhælisfjelaginu 225 þús. kr. En þar sem

í byggingarkostnaðinum eru 50 þús. kr. taldar til innanhúsmuna, sem óákveðið er um, hvort eigi að heyra honum til, auk fleiri smáupphæða, er telja verður fjarskyldar, þá vill nefndin ganga út frá því, að 200 þús. kr. af fje því, sem safnað er, sje beinn byggingarkostnaður, og leggur því til, að ríkissjóður láti af mörkum í fjárlögum 1927 þá upphæð, sem verði með því, sem í gildandi fjárlögum er veitt, 200 þús. Hækkar því nefndin liðinn upp í 125 þús. kr.

Sjer nefndin ekki, að staðið geti i vegi fyrir framkvæmd verksins, þó frekara framlag af hálfu rikissjóðs eigi sjer ekki stað; enda þótt komið gæti til mála, að ríkissjóður veitti meira fje síðar.

Fjelag íslenskra hjúkrunarkvenna sækir um 1500 kr. styrk til hjálpar við nám hjeraðs-hjúkrunarkvenna.

Fjelag þetta hefir algerlega á höndum nám hjúkrunarkvenna Íslands. Það telur erfiðust kjör hjeraðs-hjúkrunarnemanna. Þeir hafa 2 ára nám, 1—1½ ár á spítölum og hálft ár við hjúkrunarfjelagið »Líkn«, sem ekki hefir efni á að launa nemendum svo nokkru nemi. Hefir fjelagið lagt mikið á sig til þess að hjálpa þessum nemendum, en telur sig ekki lengur fært til þess nema að fá styrk, og verði ella að leggja niður þessa grein hjúkrunarfræðinnar. Nefndin telur illa farið, ef hætt yrði að styðja að útbreiðslu heilbrigðismála til sveita, og leggur því til, að 800 kr. verði veittar í því skyni.

Halldór Arnórsson umbúðasmiður fer fram á, að styrkur sá, er hann nú hefir, verði hækkaður upp í 3000 kr. Á síðasta þingi var nokkru við styrk þennan bætt og þá teknar fram helstu ástæður, er að því lutu. Enn telur beiðandi sig mjög vanhaldinn, einkum sökum þess, að hann hefir þurft að leggja mjög í kostnað með verkfæri, og þó aðallega það, að vera bundinn við starf þetta, sem nokkuð er stopult. Og hefir þess vegna orðið fyrir miklu atvinnutjóni. Nefndin vill enn hækka styrk þennan um 600 kr. Játar hún, að hjer sje um nytjastarf að ræða, sem enginn hjerlendur maður mundi geta tekið að sjer, ef þessa manns misti við. Og á hina hliðina afarkostnaður fyrir þá, sem þetta þurfa að nota, að sækja það til annara þjóða.

13. gr.

Þingmenn Norðmýlinga fóru fram á það, að fá hækkað að mun tillag til Hróarstunguvegar og óskuðu helst, að vegurinn yrði fullgerður að Jökulsá á 2 árum. En þar sem enn verða eftir 5 km. af veginum, þegar unnið hefir verið fyrir það, sem nú er til hans ætlað og áætlað að kosti kringum 55 þús. kr., sá nefndin sjer ekki fært að verða við ósk þessari, en vill hinsvegar hækka nokkuð liðinn, svo að jafnari verði upphæðirnir á næstu árum.

Í sambandi við þetta vill nefndin geta þess, að hún ætlast til þess, að af fje því, sem ætlað er til viðhalds og umbóta vegum, verði varið til viðgerðar á veginum um Óspakseyrarhlíð í Strandasýslu eins og þurfa þykir, ásamt brú á Krossá.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu hefir farið þess á leit, að veitt yrði af fjallvegafje til vegagerðar yfir heiðina milli Reykjadals og Mývatnssveitar til framhalds akveginum upp Reykjadal, sem búist er við að verði lokið næsta sumar. Hefir Skútustaðahreppur lagt 10 þús. kr. í veg þennan, þótt

allur liggi hann í annari sveit, sem enn er gerður, og heiðin að miklu leyti lika. Hefir hreppurinn lagt þessa kvöð á sig í því skyni að fá akfæran veg yfir heiðina til vöruflutninga fyrir hreppsbúa.

Það má taka fram, að eins og kunnugt er, er um þessar slóðir mjög fjölfarin leið langferðamanna. Hefir vegamálastjóri lagt með því, að hækkað verði fjallvegafjeð í þessu skyni, og jafnframt til vegagerðar á Kolugafjalli milli Húnavatns- og Skagafjarðarsýslna. Og fer nefndin fram á 4000 kr. hækkun. Vegamálastjóri skiftir fje þessu milli þessara staða, eftir því sem hann sjer ástæður til. Þá leggur nefndin til, að fje til akfærra sýsluvega verði hækkað um 5000 kr., úr 25 þús. upp í 30 þús. Liggja til þess þau rök, að nefndinni er það kunnugt, að i hverju hjeraði er svo mikið verkefni óunnið í þessa átt, jafnframt miklum áhuga að starfa meira en gert er, ef fje fengist, að ekki sje rjett að skera upphæð þessa mjög við neglur.

Fyrir nefndina komu ýmsar óskir um nýjar símalagningar. Fjekk því nefndin landssímastjórann til viðtais um simamálin. Meðal þeirra simalína, sem landssimastjóri mælti með, að lagðar yrðu sem fyrst, er Biskupstungnalínan, eða frá Minni-Borg austur í Biskupstungur, og linan miili Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar. En ekki taldi hann viðlit að bæta neinum línuspotta á þá fjárhæð, sem ætluð er til nýrra simalagninga, auk þess sem þegar er ákveðið. Er það aðallega hin fyrirhugaða Vestfjarðalína, sem tekur upp það fje.

Út af beiðni frá þingm. Austur-Skaftfellinga um simalagningu úr Hornafirði að Kálfafellsstað tók landssímastjóri það fram, að hann teldi sjálfsagt að vinda bráðan bug að því að tengja símann saman sunnanlands, eins og ákveðið er í lögum 14. nóv. 1917. Fengist þá fyrst örugt samband milli Reykjavíkur og Austfjarða og taldi engin tormerki á því að leggja símann á þeirri leið. Hafði hann gert áætlun um kostnað við símalagninguna úr Hornafirði til Vikur, og yrði kostnaðurinn ca. 350 þús. kr., er hann vildi skifta á 3 ár. Yrðu veittar í næstu fjárlögum 100 þús. kr. til efniskaupa og efnið flutt að ströndinni vorið og sumarið 1928 og ekið að vetrinum á símalínuna. Í fjárlögum 1929 yrði svo veitt fje til lagningar simans og byrjað það ár að leggja línuna beggja megin frá, úr Hornafirði vestureftir og frá Vík austureftir, og sumarið 1930 yrði linan kláruð.

Landssimastjóri kvað þvi rjettast, svo fremi að nefndin aðhyllist þetta, að veita ekki að þessu sinni fje til símalínu frá Hornafirði að Kálfafellsstað; og einnig hitt, að hætt yrði við að reisa loftskeytastöð i Öræfum, sem ákveðið hafði verið að reisa á sumri komanda. Nefndin aðhyllist þessar tillögur landssímastjóra.

Þá eina breyting gerði nefndin út af tillögum landssímastjóra, að hækka liðinn til nýrra símalagninga um 15 þús., og er sú upphæð til simalínu frá Minni-Borg austur í Biskupstungur.

Skólaráð alþýðuskóla Þingeyinga fer þess á leit að fá 1500 kr. til símalínu frá Breiðumýri til skólans á Laugum. Hefir verkfræðingur Guðm. Hliðdal gert kostnaðaráætlun um símalínuna. Nefndin vill taka þessa beiðni til greina í sömu hlutföllum og rikissjóður lagði til línunnar til Núpsskólans, enda má fullyrða, að síminn hafi miklar tekjur af línunni, þar sem 60—70 manns búa í skólanum.

Landssímastjóri er eindregið meðmæltur þessari fjárveitingu.

Landssímastjóri hefir undanfarin ár farið þess á leit i tillögum sínum til landsstjórnarinnar að fá styrk til utanfarar símamönnum. Telur hann þess brýna þörf, að þeir sæki þar námsskeið í þessari grein og kynnist tilhögun annara þjóða.

Nú segist landssímastjórinn hafa í hyggju að koma hjer á stofn nokkurri kenslu fyrir símamenn, svipað og aðrar símastjórnir gera »og finna sjer hag í«. Fer hann fram á 3000 kr. í þessu skyni, sem verja á til kenslu og kenslutækja, en jafnframt mætti, í samráði við ráðuneytið, verja nokkru af fje þessu til utanferða.

Nefndin hefir fallist á þessa tillögu landssímastjóra og vill veita til þessa 2000 kr.

Gunnlaugur Sigurðsson Briem sækir um 3500 kr. styrk til þess að fullkomna sig i símaverkfræði. Hann hefir nú nýlokið fullnaðarprófi í rafmagnsverkfræði, með símaverkfræði sem aðalnámsgrein, og fjekk i þeirri grein út af fyrir sig ágætiseinkunn. Þessum styrk ætlar hann að verja til þess að afla sjer frekari þekkingar og praktiskrar reynslu í öllum greinum símaverkfræðinnar, er Ísland varða. Telur hann, að til þessa þurfi hann að minsta kosti 12 mánuði. Hann ætlar, í samráði við O. Forberg landssimastjóra og P. O. Pedersen prófessor og forstjóra polytekniska skólans í Kaupmannahöfn, að ákveða, hvar hann leitar sjer frekar náms og æfingar. Báðir þessir menn hafa gefið honum hin bestu meðmæli.

Nefndin vill veita þessum efnilega manni styrk til fullkomnunar í þessari grein, þar sem mjög mikil þörf er hjer fyrir vel mentaðan mann á þessu sviði.

14. gr.

Dómkirkjupresturinn í Reykjavík fjekk greiddar úr rikissjóði 1000 krónur árlega fyrir skýrslugerðir, þangað til mannaskifti urðu í því embætti siðast. En í launalögunum er ekki gert ráð fyrir slíkri launaviðbót, sem fyrri dómkirkjuprestur fjekk vegna eldri heimildar, sem hann bjó að. Dómkirkjupresturinn hefir á hendi allar skýrslugerðir vegna safnaðarins, og er það svo mikið starf, að með öllu virðist órjettmætt að ætlast til, að það sje ekki borgað sjerstaklega. Þótti nefndinni því sjálfsagt að taka upphæðina í fjárlög.

Gögn lágu fyrir nefndinni frá sóknarpresti og sóknarnefndum í Ögurþingum og biskupi, að Ögurþingaprestur hefir sjerstaklega erfiða aðstöðu um prestsþjónustuna. Leggur nefndin því til, að honum sje veitt nokkur árleg erfiðleikauppbót.

Í frv. eru áætlaðar 20 þús. kr. til húsabóta á prestssetrum. Lágu fyrir glöggar upplýsingar frá biskupi um það, hvernig því fje yrði ráðstafað, sem nefndin hlaut að fallast á. Ennfremur barst nefndinni erindi frá prestinum í Holti undir Eyjafjöllum um samskonar styrk, að upphæð 10 þús. kr. Mælir biskup eindregið með umsókninni og leggur til, að veittar sjeu í þetta sinn 7000 kr., þó að 10 þús. kr. kunni að »gerast þörf áður en lýkur«. Fjellst nefndin á þá tillögu og leggur því til, að upphæðin sje hækkuð sem því svarar. Loks má geta þess, að nefndinni barst erindi frá prófastinum í Rangárþingi um, að sjerstök þörf væri fjárframlags úr rikissjóði til húsabóta á Bergþórshvoli i Landeyjum, og fylgdu meðmæli biskups. Að þessu sinni getur nefndin þó ekki gert um það ákveðna tillögu, þar eð ekki lágu enn næg gögn fyrir til að nefna ákveðna upphæð.

Skólalæknir mentaskólans almenna í Reykjavík, landlæknirinn, hefir lagt til, að ýmsar umbætur yrðu gerðar vegna skólans: vermivjel yrði sett í húsið, garðurinn að skólabaki yrði malbikaðnr, þak yrði reist á súlum milli skólahússins og bókhlöðunnar, leikfimishúsið stækkað og miðhitun sett í það. Hefir landsstjórnin fallist á eina af þessum tillögnm: malbikun skólagarðsins. Nefndin verður að líta svo á, að þó að allar þessar umbætur sjeu mjög æskilegar, verði svo margt að bíða, sem er enn meira aðkallandi, að hún leggur til, að þessu sje frestað.

Nefndinni barst mjög rækilegt erindi frá Guðm. G. Bárðarsyni kennara um náttúrnfræðikenslu og náttúrugripasafn gagnfræðaskólans á Akureyri. Er af því erindi ljóst, að öll tæki við þá kenslu hafa verið mjög ófullnægjandi, að kennarinn og nemendur hafa sýnt mikinn áhuga i verki að bæta úr því og að með litlu framlagi úr ríkissjóði mætti koma fram mikilli bót. Vill nefndin leggja til, að þetta starf sje stutt, og ennfremur að keypt sje skuggamyndavjel handa skólanum.

Nefndin fellst á tillögur stjórnarinnar að verja 10000 kr. til aukningar skólabúinu á Hólum, en vill hinsvegar, að það komi fram, að sú fjárhæð sje því aðeins notuð, að skólastjórinn taki við búinu.

Nefndinni þótti rjett, að fjárveiting til kensluáhalda handa bændaskólanum á Hvanneyri væri eigi lægri en samskonar upphæð til bændaskólans á Hólum.

Nefndin varð að fallast á umsókn frá formanni forstöðunefndar kvennaskólans á Blönduósi um styrk til að setja miðstöð í skólann og raflýsa hann. Svo vel sem nú er sjeð fyrir um starfsháttu og kenslukrafta við þann skóla, telur nefndin sjálfsagt að hlynna að honum.

Nefndin ber fram þrjár tillögur um ankin fjárframlög til hjeraðsskóla í sveitum. — Þingeyingaskólinn á Laugum er nú að fullu reistur og að öllu leyti sjerstaklega vel frá gengið. Samkvæmt reikningum hans vantar 7000 kr. á að hann hafi fengið þann styrk til byggingarinnar, $^2/_5$, sem gert var ráð fyrir að hann fengi. Telur nefndin sjálfsagt, að sá lokastyrkur verði veittur. — Hjeraðsskóli Borgfirðinga á Hvítárbakka var í upphafi reistur af einstökum manni, en síðan keyptur af hjeraðsbúum og af þeim rekinn hin síðari árin. Stofnstyrk til hans veitti síðasta Alþingi í þeirri mynd, að gefið var eftir viðlagasjóðslán, er á honum hvíldi. En samkvæmt gögnum, sem fyrir lágu, fjellst nefndin á, að rjett væri að bæta enn nokkru við, til þess að eðlilegt hlutfall fengist. — Loks leggur nefndin til, að tekið sje upp í fjárlagafrumvarpið sama framlag til að reisa nýja hjeraðsskóla í sveitum sem er í gildandi fjárlögum og með sömu skilyrðum. Eins og i fyrra er ætlast til, að þetta gangi til hjeraðsskóla Suðurlands, enda fer að líða að því, að byrjað verði á að reisa hann.

Nefndin varð að fallast á, að húsmæðraskóli kvenfjelagsins Óskar á Ísafirði bæri úr býtum of lágan styrk, til þess að hann yrði starfræktur án óhæfilega hárra skólagjalda, en hafði hinsvegar fregnir af vinsældum hans, og leggur því til, að styrkurinn sje nokkuð hækkaður.

15. gr.

Nefndinni bárust óskir um það, að náttúrugripasöfnin í Reykjavik og á Ak-

ureyri gætu fengið ókeypis spíritus til að geyma i dýr o. fl. Vill nefndin mæla með því, að það verði gert.

Fyrir forgöngu Pjeturs heitins Jónssonar frá Gautlöndum og Benedikts Jónssonar frá Auðnum hafa Þingeyingar komið sjer upp óvenjulega merkilegu bókasafni. Er nú í ráði að reisa á Húsavík hús yfir safnið, sem áætlað er að muni kosta 18—20 þús. kr. Á það að vera helgað minningu forgöngumannanna, Pjeturs og Benedikts, og á að fela listamanni að gera brjóstmynd þeirra beggja úr eiri, er standi i safninu. Mælast forgöngumenn þessa fyrirtækis til, að Alþingi leggi nokkuð fram í minningu Pjeturs heitins Jónssonar, og vill nefndin leggja til, að því verði vel tekið.

Nefndin lítur svo á, að styrkurinn til skálda og listamanna komi nálega að engum notum, ef hann er svo smátt bútaður sem verið hefir undanfarin ár. Hún leggur því til, að ákveðið verði að veita eigi minna en 1000 kr. í stað. Jafnframt leggur nefndin áherslu á, að þar sem styrkurinn í stjórnarfrumvarpinu er hækkaður um 2000 kr., en hinsvegar feldur niður styrkurinn til skáldanna Jakobs Thórarensens og Stefáns frá Hvítadal, að þeir fái áfram styrk á þessum lið.

Nefndin leggur til, að styrkurinn til Hjálmars Lárussonar sje færður í 18. gr., þar eð um er að ræða mann, sem orðinn er heilsulaus öryrki.

Heigi sonur Páls Briems amtmanns hefir stundað hagfræðinám undanfarin fjögur ár í Þýskalandi og Danmörku og dvelst nú við það nám í Öxnafurðu. Til þess að geta lokið námi svo sem hugur hans stendur til, vill hann ennfremur geta stundað nám við Parísarháskóla. Þar eð hann leggur stund á að kynna sjer skattamál sem sjernám, sem verða mætti að miklu gagni hjer heima, og þar eð nefndin þykist vita, að um mjög efnilegan námsmann sje að ræða, taldi hún rjett að leggja til, að beiðni hans yrði sint um styrk til námsins.

Nefndin sjer ekki ástæðu til að nú, fremur en áður, sje hafður sjerstakur liður í fjárlögum: Ferðastyrkur til útlanda. Litur nefndin svo á, sem það verði fremur til að ýta undir utanferðir, sem styrktar sjeu af opinberu fje.

16. gr.

Samkvæmt tillögu atvinnumálaráðherra og Búnaðarfjelags Íslands leggur nefndin til að hækka styrkinn til sandgræðslu um 15 þús. kr., og getur jafnframt fallist á, að hin aukna fjárveiting verði notuð á þessu ári. Er um það að ræða að hefja að nokkru nýja stefnu í sandgræðslumálinu. Að taka fyrir að girða stór svæði, en eigi aðeins sanddyngjurnar, og koma þannig ekki aðeins í veg fyrir stöðvun sandfoksins, heldur og að stuðla að uppgræðslu hinna gróðursnauðu og blásnu svæða. Hefir reynslan sýnt, að friðunin ein vinnur kraftaverk. Eru talin til mörg landflæmi víða um land, sem þannig þyrfti að taka fyrir, en fyrst er hugsað að byrja með, að ríkissjóður kaupi Gunnarsholts og Brekknaland í Rangárvallasýslu, sem metin eru 5700 kr., en liggja undir stórfeldum skemdum, og girða þau. Er talið örugt, að með friðuninni megi á skömmum tima breyta landinu.

Nefndin leggur til að hækka styrkinn til hreppabúnaðarfjelaganna um 5000 kr. og binda hann þeim skilyrðum, sem áður hafa fylgt honum. Er upphæðin þó hin sama og í núgildandi fjárlögum.

Víða á landi hjer eru víðáttumikil engjaflæmi, mjög grasgefin, en erfið að nytja, vegna þess að þau eru svo votlend og ill umferðar. Halli er lítill, en vatnsaginn afarmikill og jarðvegurinn víða starartorf, reiðingur, mismunandi þykkur, en afarseinunninn, og flýtur ofan á leir eða eðjulagi. Með venjulegum handverkfærum er nálega ómögulegt að koma í framkvæmd framræslu þessara engjaflæma. Eru bæði í Staðar- og Víkurmýrum og víðar i Skagafirði, í Eyjafirði, í Þingi, Köldukinn, Axarfirði, Jökulsárhlíð, Landeyjum, Ölfusi, Mýrum og víðar þessi miklu og grasgefnu engjaflæmi, svo að ekki getur leikið á tveim tungum, að um almesta gagn væri að ræða, ef unt væri að fá verkfæri, skurðgröfu, sem gæti ræst landið fram vel og greiðlega. Að hvöt áveitufjelagsins Freys í Skagafirði hefir Búnaðarfjelag Íslands látið rannsaka þetta mál og leita tilboða erlendra verksmiðja um smiði á slíkri vjel og hefir fengið tilboð, sem virðast aðgengileg. Leggur nefndin til, samkvæmt meðmælum Búnaðarfjelags Íslands, að slík skurðgrafa sje keypt til landsins og Búnaðarfjelagi Íslands falið að starfrækja hana. Er í ráði, að verkfæraráðunautur fjelagsins fari utan i sumar, og yrði honum þá falið að semja við verksmiðjurnar, hafa eftirlit með smíðinu og læra að fara með vjelina. En byrjað yrði að vinna með henni á Staðar- og Vikurmýrunum í Skagafirði. Er þar um að ræða 1400 hektara engjaflæmi, og af því er allmikill hluti opinber eign.

Þeirri reglu hefir verið fylgt, að Alþingi hefir styrkt meiriháttar áveitufyrirtæki með $^1/_4$ kostnaðar. Nú sækir áveitufjelag Þingbúa í Húnavatnssýslu um slíkan styrk; er áveitunni lokið, hefir kostað um 20 þús. kr. og hefir þegar gefið ágætan árangur. Þótti nefndinni sjálfsagt að leggja til, að orðið yrði við beiðninni.

Samkvæmt ósk Búnaðarfjelags Vestmannaeyja hefir Búnaðarfjelag Íslands látið rannsaka ræktunarmöguleika i Eyjunum. Hefir búnaðarmálastjóri samið um það rækilegt erindi, sem lá fyrir nefndinni og verður prentað í Búnaðarritinu. Er svo háttað, að sunnan og austan Helgafells er mikið landflæmi, prýðilega fallið til ræktunar, en til þess að eyjarskeggjar geti hagnýttt sjer það, þarf að leggja veg um landið. Er áætlað, að vegurinn muni kosta alls 60—70 þús. kr. Nefndinni þótti sjálfsagt, fyrir allra hluta sakir, að vegarlagningin yrði styrkt af landsdrotni, rikissjóði, og leggur til, að það sje gert að helmingi, svo sem til engjaveganna á Flóaáveitusvæðinu. Samkvæmt tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir, að unnið sje fyrir 35 þús. kr. á næsta ári.

Sigríðarstaðaskógur í Ljósavatnsskarði er um legu og landslag eitt hið besta skóglendi í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann er um 100 hektarar að stærð. Eigandi Sigríðarstaða hefir látið skóginn falan fyrir 5000 kr. Nefndin lítur svo á, að eins og á stendur sje fjárframlögum til skógræktarinnar einna best varið til þess að kaupa fögur skóglendi og girða skóga, sem eru í opinberri eign, og leggur því til, að skógurinn sje keyptur fyrir 4000 kr.

Af erindi, sem forstöðumaður efnarannsóknastofu ríkisins ritar atvinnumálaráðuneytinu, er ljóst, að hann er langsamlega ofhlaðinn störfum. Auk sívaxandi starfa á rannsóknastofunni þarf hann að annast mikla kenslu fyrir læknadeild háskólans. Þar sem nefndin litur svo á, sem nauðsyn beri til, að nægir starfskraftar sjeu í rannsóknastofunni og nú er völ á háskólamentuðum efna-

fræðingi til að taka að sjer starfið, verðnr nefndin að leggja til, að beiðni forstöðnmannsins sje sint um fjárframlag til sliks aðstoðarmanns.

Í frumvarpinu eru ætlaðar 15 þús. kr. til bryggjugerða, með sömu skilyrðum og áður hafa verið. Frá sex stöðum bárust nefndinni erindi um bryggju- og lendingabætur, svo örugglega rökstudd, að henni þótti rjett að leggja til, að styrkurinn yrði veittur með venjulegum skilyrðum. Þrjár hinar fyrstnefndu eru endurveitingar: Til bryggju á Eyrarbakka 7000 kr., til lendingabóta á Stokkseyri 5000 kr., til bryggjugerðar á Húsavík 3000 kr. En nýjar umsóknir hafa bæst við: Frá Akranesi 13000 kr., frá Haganesvik 5000 kr. og frá Króksfjarðarnesi 2000 kr., alt til bryggjugerða. Nefndin leggur til, að liðurinn sje orðaður í samræmi við þetta og hækkaður í 35 þús. kr.

Mjólkurniðursuðuverksmiðjan Mjöll í Borgarfirði brann á síðastliðnu hausti og um það leyti, sem frumvarpið var samið, mun hafa verið óvíst um framtíð hennar. Nú er ráðið að endurreisa verksmiðjuna, og leggur nefndin til, að henni sjeu veitt sömu verðlaun sem í núgildandi fjárlögum.

Frá Ormssonum og Höskuldi Baldvinssyni raffræðingum bárust nefndinni erindi um fjárstyrk til að koma upp hjer á landi vindknúðum rafmagnsstöðvum. Lítur nefndin svo á, að hjer sje um mjög merkilegt mál að ræða og þess vert, að í fyrstu sje styrkt af opinberu fje. Hinsvegar lítur nefndin svo á, að nægilegt sje, í fyrstu a. m. k., að styrkur sje veittur til einnar slíkrar stöðvar og mælir sjerstaklega með, að rafmagnsstöðinni sje komið upp við hressingarhælið væntanlega í Kópavogi, svo sem samningar hafa staðið um milli hælisins og Ormssona. Tækist að koma upp rafstöðinni og starfrækja hana, sem ekki mun þurfa að efa, myndi og sparast það fje, sem annars þyrfti að leggja fram til lýsingar hælinu.

17.—25. gr.

Svo mjög sem drykkjuskapur vex hin síðari árin víða um land, þótti nefndinni sjálfsagt að styrkja bindindisstarfsemi nokkuð ríflegar en áður.

Ekkjum Sigurðar Jónssonar ráðherra, Jóns Jakobssonar landsbókavarðar, Hjartar Snorrasonar, Jóns Jónatanssonar og Sigurðar Sigurðssonar alþingismanna þótti nefndinni skylt að veita nokkurn styrk í 18. gr.

Jón Ó. Magnússon past. em. hefir um langt skeið búið við hin allra lægstu eftirlaun presta, þar eð hann fór frá embætti fyrir 1907, er nú þrotinn að heilsu og efnalaus, og þótti því sjálfsagt að taka til greina tillögu biskups um viðbót við eftirlaun hans.

Eins og nú horfir um flutningamöguleika á frystu kjöti til Englands, þótti nefndinni sjálfsagt að leggja til að taka aftur í fjárlög lánsheimildina til frystihúsa, sem er í núgildandi fjárlögum, og með sömu skilyrðum. Leggur nefndin áherslu á, eins og í fyrra, að þau láu sitji fyrir öllum öðrum viðlagasjóðslánum.

Malín Hjartardóttir rekur prjónastofu hjer i bænum, sem nokkur hluti nefndarinnar átti kost á að sjá. Er ekki um að villast, að um svo myndarlega vinnu er að ræða og þjóðnýta, að vert væri að styrkja með hagkvæmu láni, væri fje fyrir hendi.

Á sínum tíma ábyrgðist ríkisstjórnin lán vegna Mjólkurfjelagsins Mjallar

í Borgarfirði, gegn endnráhyrgð sýslufjelaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Nú er það lán greitt með brunabótafje verksmiðjuhúsanna. En þar sem verksmiðjan verður endurreist, er sama þörf fyrir hendi og áður um ábyrgðina. Er sjálfsagt að láta hana ekki siður í tje nú, með sömu skilyrðum.

Alþingi, 22. mars 1926.

Þorleifur Jónsson, form.	Tryggvi Þórhallsson, fundaskr., frsm. síðari hluta.	Þórarinn Jónsson, frsm. fyrri hlutans.

Jón Sigurðsson.	Ing. Bjarnarson.	Pjetur Ottesen.	Magnús Torfason.